



Sangha - klausturreglan

Í upphafi var klaustursamfélag búddadóms hópur förufólks, af báðum kynjum, sem fylgdi Búdda á ferðum hans um Norður-Indland. Á regntímanum á þessum slóðum verða vegir hins vegar ófærir sem leiddi til þess að hópurinn fór að halda kyrru fyrir á þessu tímabili. Það varð til þess að stofnuð voru klaustur sem smátt og smátt urðu undirstöðustofnanir búddatrúarsamfélagsins: Sangha. Klaustrin nutu fljótt verndar og stuðnings konungsveldisins og annarra ráðamanna og urðu um leið miðstöðvar fræðaiðkunar, bæði heimspekilegrar og veraldlegrar.



Munkar og nunnur Sangha reyna að fylgja fordæmi Búdda með því að flytja frá fjölskyldum sínum til að búa í klastrum og lifa eftir boðskap Búdda. Þau lifa mjög fábrotnu lífi með það í huga að þroska sinn innri mann og lifa einföldu en góðu lífi. Þau eiga aðeins nokkra hluti:

Regntíminn er sá tími þegar rignir mikið í heitum löndum. Þess á milli eru langir þurrkatímar þar sem oft rignir ekki neitt.

Klaustur er staður þar sem munkar eða nunnur búa.

Sangha er orð á sanskrít sem merkir samfélag og er notað um klaustursamfélag búddadóms.

Heimspeki eru hugleiðingar og kenningar um undirstöðu tilverunnar og stöðu mannsins í henni.

Nirvana er markmið hvers búddista, sem felst í því að losa sig undan áhyggjum og sársauka heimsins.

Hugmyndin um **endurfæðingu** byggist á því að fólk fæðist alltaf aftur og aftur í nýjum líkama og það fari eftir gjörðum manns í fyrri lífum hvar maður lendir í því næsta.

kufllinn sem þau ganga í, betliskál og rakhníf sem þau nota til að raka hárið af höfði sér, þar sem þau eiga ekki að hugsa um ytri fegurð heldur að einbeita sér að því að þroska með sér sína innri fegurð.

Sangha samfélagið er háð venjulegu fólki búddaátrúnaðar. Það sér um að halda samfélaginu gangandi með því að færa klaustrunum fórnir. Í Suðaustur-Asíu fara munkarnir í betligöngu á hverjum morgni og almenningur gefur þeim mat fyrir daginn. Þannig er almenningur að styðja við bakið á þeim á leið þeirra til að öðlast nirvana en um leið safnar fólk verðleikum sem mun veita því betri endurfæðingu í næsta lífi.



Spurningar

1. Hvernig var klaustursamfélag búddadóms í upphafi og hvers vegna breyttist það?
2. Hvers vegna ætli klaustrin hafi svo fljótt náð að verða ráðandi miðstöðvar fræðaiðkunar?
3. Hvaða hluti mega búddamunkar og nunnur eiga?
4. Hvers vegna raka búddamunkar og nunnur af sér hárið?
5. Hvað græðir almenningur á því að gefa munkunum og nunnunum mat?